

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

#### 2. gr.

Gjaldið er lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

#### 3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir	sorphirðugjald, kr.		
	12.420		
B) fyrirtæki	urðunargjald, kr.	sorphreinsigjald, kr.	samtals, kr.
Flokkur 1	224.940	518.880	743.820
Flokkur 2	190.440	207.000	397.440
Flokkur 3	138.000	138.000	
Flokkur 4	104.800	104.880	
Flokkur 5	44.160	44.160	
Flokkur 6	24.840	24.840	
Flokkur 7	12.420	12.420	

Jarðir með greiðslumark milli 100 – 700 ærgildi greiði samkvæmt 7. fl.

Jarðir með greiðslumark yfir 700 ærgildi greiði samkvæmt 6. fl.

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphreinsigjalds á fyrirtæki sem annast alla hirðingu og flutning sorps á förgunarstað.

Þær bújarðir sem nýta sér endurvinnslu á bændaplasi fá 50% afslátt af sorphirðugjaldi vegna búrekstrar.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem saminn er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitafélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvanir, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 1163/2005 úr gildi.

*Dalvík, 8. desember 2006.*

**Svanfríður Inga Jónasdóttir** bæjarstjóri.